

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 70/97
frá 4. október 1997**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/97 frá 14. mars 1997⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 53. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4055/86) í XIII. viðauka við samninginn:

„53a. 392 R 3577: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó)(Stjtið. EB nr. L 364, 12. 12. 1992, bls. 7).

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 41 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 43.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 364, 12. 12. 1992, bls. 7.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) í tilvikum sem um getur í 5. gr.:

- að því er EFTA-ríkin varðar skal „framkvæmdastjórn“ lesast sem „Eftirlitsstofnun EFTA“;
- ef framkvæmdastjórn EB fær beiðni frá aðildarríki EB eða Eftirlitsstofnun EFTA frá EFTA-ríki um að samþykkja öryggisráðstafanir skal sameiginlegu EES-nefndinni tilkynnt um það án tafar og henni veittar allar viðeigandi upplýsingar.

Samráðsviðræður skulu fara fram innan sameiginlegu EES- nefndarinnar ef samningsaðili fer fram á það. Einnig má fara fram á slíkar samráðsviðræður ef framkvæmdastjórn EB eða Eftirlitsstofnun EFTA samþykkja öryggisráðstafanir að eigin frumkvæði.

Þegar framkvæmdastjórn EB eða Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt ákvörðun skal hún tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni án tafar um ráðstafanirnar.

b) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„Nema kveðið sé á um annað í þessum samningi skulu samningsaðilar ekki innleiða neinar nýjar takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu sem náðst hefur í raun á þeim degi þegar sameiginlega EES-nefndin ákvað að taka þessa reglugerð upp í EES-samninginn.“

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3577/92 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. október 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. október 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner